

Ed. 420. Frumvarp til laga [214. mál]

um breytingu á lögum um Innheimtustofnun sveitarfélaga, nr. 54/1971, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 110. löggjafarþingi 1987.)

1. gr.

Í 5. gr. komi ný mgr. er verði 5. mgr. og orðist svo:

Meðlög, sem falla á þann tíma, reiknaðan í heilum mánuðum, sem maður afplánar refsingu, vinnur af sér meðlag eða barnalífeyri, skulu ekki innheimt hjá honum fyrir þann tíma sem afplánun stendur fyrr en tveimur árum eftir að afplánun lýkur og skal þá greiðslum jafnað á eitt til þrjú ár. Dráttarvextir skulu ekki innheimtir af slíkum skuldum fyrir þann tíma sem innheimta skal liggja niðri samkvæmt þessu. Eigi að síður skal Innheimtustofnun sveitarfélaga standa skil á meðlagsgreiðslum fyrir slíkan tíma til Tryggingastofnunar ríkisins.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1989.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er flutt sem fylgifrumvarp með frumvarpi til laga um fangelsi og fangavist. Efnisatriði frumvarpsins eru samhljóða 2. mgr. 7. gr. laga um fangelsi og vinnuhæli, nr. 38/1973, svo sem henni var breytt með 1. gr. laga nr. 26/1983.

Þykir eðlilegast að efnisatriði þessi séu í lögum um Innheimtustofnun sveitarfélaga frekar en í lögum um fangelsi og fangavist.